

Reykjavík, 5. febrúar 2018.

Til: Borgarráðs.

Efni: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um uppsetningu jólaškreytinga í borginni.

Višað er til fyrirspurngar frá borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins dagsett 18. janúar sl. (mál R18010253). Fyrirspurnin er eftirfarandi: „Óskað er eftir upplýsingum um hvernig staðið var að uppsetningu jólaškreytinga í borginni um liðin jól, m.a. umfang þeirra og hvernig þær skiptust eftir hverfum borgarinnar.“

Uppsetning jólaškreytinga í Reykjavík er sérstakt verkefni á vegum skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins. Í verkefninu er farið eftir fyrirfram ákveðnu verklagi sem í grófum dráttum er þannig að ákvarðanir um viðbætur ár hvert, ef einhverjar, er teknar í byrjun febrúar. Yfirferð og uppsetning hefst um miðjan október en niðurtekt og frágangur í janúar og, í einhverjum tilfellum, í febrúar. Verkefninu er skipt í milli hverfastöðva, annars vegar uppsetning jólaštrjáa sem er í umsjón hverfastöðvar austur og hins vegar uppsetning jólaškreytinga sem er verkefni hverfastöðvar vestur.

Hverfastöð austur setur upp jólaštré á borgarlandið. Alls fara upp 28 jólaštré víðsvegar um borgina en tafla 1 sýnir staðsetningu þeirra.

Tafla 1. Staðsetning jólaštrjáa um hver jól í Reykjavík.

Austurvöllur Oslóartré	Hlemmur við hestastyttu
Hallgrímskirkja	Skólavörðustígur við Hegningarhúsið
Hringbraut – Eiðsgrandi - Ánanaust	Höfði
Grjótaþorp	Kringlan - Listabraut
Hagatorg	Miklabraut – Sæbraut NV-horn
Lækjartorg	Norðurfell - Vesturberg
Ráðhús við aðalinngang	Breiðholtsbraut - Stekkjabakki
Árbæjartorg	Suðurlandsvegur - Norðurás
Norðlingaholt - Þingtorg	Höfðabakki - Bæjarháls
Borgarvegur - Melavegur	Korpúlfsstaðir
Víkurvegur austan Völundahúsa	Ólafsgesli – Kristnibraut
Kristnibraut – Þorláksgesli, hringtorg	Mímisbrunnur við Lambhagaveg (Úlfarsárd.)
Kjalarnes	Viðey
Harpan	Sundhöll Reykjavíkur

Neðangreind upptalning sýnir umfang jólaškreytinga í borgarlandinu. Umfang jólaškrauts í miðborginni er stærsta verkefnið enda lögð áhersla á miðborgina þar sem flest fólk safnast saman og ferðamenn fara um. Undanfarin ár hefur verið að bætast við jólaškreytingar utan miðborgar. Umfangið má sjá hér að neðan.



Jólaskraut í miðborg, umfang:

- Stauraskraut 109 stykki á eftirfarandi stöðum:
 - Laugavegi
 - Vesturgötu
 - Hofsvallagötu
 - Skólavörðustíg
- Stauraskraut í Lækjargötu/Fríkirkjuveg 29 stykki, **nýtt 2017**
- Stauraskraut í Hljómskálagarði, 50 stykki, **nýtt 2017.**
- Þverbönd 19 stykki á eftirfarandi stöðum:
 - Hverfisgötu
 - Austurstræti
 - Laugavegi
- Þverbönd í Hafnarstræti, 9 stykki, **nýtt 2017.**
- Jólaljós 16 stykki á eftirfarandi stöðum
 - Laugavegi
 - Hverfisgötu
 - Austurstræti
 - Aðalstræti
 - Skólavörðustíg
- Jólalýsing í götutrymum við Laugaveg, Skólavörðustíg, Sóleyjargötu, Lækjargötu, Fógetagarði, Lækjartorg og Austurvelli. Um 150 tré.
- Ljós á brú yfir Skothúsveg, **nýtt 2017.**

Einnig er sett upp jólaskraut utan miðborgar eins og meðfylgjandi listi sýnir.

Jólaskraut utan miðborgar, umfang:

- Á ljósastaurum á nýjum parti Grensásvegur – milli Miklubrautar og Bústaðavegar.
- Á svokölluðum Fellastíg í Breiðholti – stauraskraut á ljósastaura.
- Stauraskraut á Hofsvallagötu (sjá einnig undir miðborg).

Uppsetning og niðurtækt jólaskeytinga og jólatryja í borgarlandinu er megin verkefni hverfastöðva gatnamála vikunnar fyrir og eftir jóla. Ekki er einvörðungu um að ræða uppsetning og niðurtækt heldur er yfirferð, frágangur og viðhald einnig fyrirferðamikil í verkefninu enda oft um viðkvæman búnað að ræða. Eins og alltaf er metnaður skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins mikill í þessu verkefni, enda mikil jólabörn á ferð, og viljum við gera borgina jólalega og fállega yfir hátíðarnar. Við höfum endurnýjað töluvert af búnaði undanfarnar ár, breytt verklagi til að auka skilvirkni við framkvæmd verkefnisins og fært út kvíarnar í fleiri hverfi en miðborgina. Allt er þetta gert til að fegra borgina og glæða hana meira lífi yfir hátíðarnar.

Hjalti J. Guðmundsson
Skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins.